



**Nefnda- og greiningarsvið Alþingis**

Þingeyjarsveit 26. október 2023

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun þingmál 315.**

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar tekur undir markmið og áherslur samgönguáætlunar um að samgöngur eigi að vera greiðar, öruggar, hagkvæmar og umhverfislega sjálfbærar sem og að þær stuðli að jákvæðri byggðarþróun.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti á fundi sínum 28. júlí eftirfarandi athugasemdir:

Stefna stjórnvalda hefur verið að fækka einbreiðum brúm á Hringveginum. Í fyrirbyggjandi drögum kemur fram að eitt af markmiðum um öruggar samgöngur sé að fækka einbreiðum brúm á Hringvegi og umferðamiklum vegum.

Í upphafi árs 2020 kynnti ríkisstjórnin átak í fækkun einbreiðra brúa og var áformað að verja aukalega 3.300 m.kr. til að breikka einbreiðar brýr á tveim árum. Átti þetta átak að bætast við fjárveitingar á samgönguáætlun. Á lista yfir einbreiðar brýr sem átti að breikka á þessum tíma var brúin yfir Skjálfandafljót á Hringvegi hjá Fosshóli við Goðafoss. Ekkert er farið að bóla á þessum framkvæmdum og í drögum að samgönguáætlun er hún á öðru tímabili áætlunarinnar eða á árunum 2029-2033. Sama má segja um brú á Jökulsá á Fjöllum í núgildandi samgönguáætlun er hún á öðru tímabili eða á árunum 2025-2029 en í áður nefndum drögum er hún á þriðja tímabili eða á árunum 2029-2038.

Í ljósi þessara áherslna undrast sveitarstjórn mjög enn meiri seinkun á framkvæmdum við tvær einbreiðar brýr á Hringveginum, bæði yfir Skjálfandafljót við Goðafoss og Jökulsá á Fjöllum, sem eru í mjög slæmu ástandi. Samkvæmt upplýsingum byggðarráðs þá er brú yfir Skjálfandafljót við Goðafoss tilbúin til útboðs og hvetur sveitarstjórnstjórnvöld til að flýta þessum framkvæmdum og færa framar á samgönguáætlun m.a. í ljósi áherslna um öruggar, greiðfærar samgöngur.

Brú á Norðausturvegi nr. 85 yfir Skjálfandafljót er í núgildandi áætlun á öðru tímabili eða á árunum 2025-2029. Í drögum að samgönguáætlun er hún á árunum 2026-2028. Í ljósi slæms ástands brúarinnar voru fyrir í sumar settar þungatakmarkanir á brúna og nú er einungis fólksbílum heimilt að aka yfir brúna. Er þetta mjög bagalegt m.a. fyrir íbúa, ferðafólk og vöruflutninga. Hefur umferð stærri bíla því verið beint á brú yfir Skjálfandafljót við Goðafoss sem er einnig í slæmu ástandi og ber ekki þann mikla fjölda bíla sem fer þar um. Mikilvægt er að flýta framkvæmdum við brú yfir Skjálfandafljót á vegi 85 og hefja sem allra fyrst.

Í markmiðum um jákvæða byggðarþróun segir að samgöngur skuli stuðla að góðum búsetugæðum um land allt og jafni aðstöðumun fólks eftir kyni, búsetu og félagslegum aðstæðum. Samgöngur efla vinnu-, þjónustu- og skólasóknarsvæði og stuðli að búsetufrelsi. Einnig segir í markmiðum um umhverfislega og sjálfbærar samgöngur að „unnið verði að því að stofnvegir á hálendi Íslands geti áfram gengt mikilvægu hlutverki sínu, svo sem í ferðaþjónustu. Uppbygging og rekstur taki tillit til nánasta

umhverfis og sjónarmiða um náttúruvernd.“ Um allnokkurt skeið hefur Bárðardalsvegur verið á samgönguáætlun en ítrekað hefur framkvæmdum verið frestað og fært aftar á áætlun. Í drögum að samgönguáætlun eru 3 km á Bárðardalsvegi vestri frá hringvegi að Öxará er á fyrsta tímabili á árunum 2024-2026, Öxará að Sprengisandi er á þriðja og fjórða tímabili frá 2029-2038. Bárðardalsvegur gegnir mikilvægu hlutverki fyrir íbúa og þróun byggðar í Bárðardal og sem lykilleið að hálendi Íslands. Sveitarstjórn hvetur stjórnvöld til að endurskoða framkvæmdatíma Bárðardalsvegur, færa framkvæmdir frammar á áætlun og stytta framkvæmdartíma.

Sveitarstjórn leggur einnig áherslu á að aukið fjármagn verði sett í viðhald á tengi- og héraðsvegum með það að markmiði að leggja á þá bundið slitlag.

### **Vetrarþjónusta:**

Sveitarstjórn tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga en þar segir. „Auknu fjármagni verði varið til vetrarþjónustu vega utan þéttbýlis með það að markmiði að aðlaga þjónustuna að þörfum samfélagsins og atvinnulífs. Trygg og góð vetrarþjónusta er ein af grunnforsendum þess að markmið áætlana ráðuneytisins, um að innviðir mæti þörfum samfélagsins og sjálfbærar byggðir og sveitarfélög um allt land, verði náð.“

Í drögum að breytingu á regluverki jöfnunarsjóðs er gert ráð fyrir að stuðull vegna snjómoksturs byggi á kílómetrum innan þéttbýlis. Ekki er gert ráð víðfeðmum sveitarfélögum með stóran hluta vegakerfis í helmingamokstri á móts við Vegagerðina, líkt og er í Þingeyjarsveit þar sem 60% helmingamoksturs á Norðaustur svæði er í Þingeyjarsveit.

Mikilvægt er að þessu verði breytt og tekið verið tillit til aðstæðna í landmiklum sveitarfélögum með mikinn helmingamokstur á mótum Vegagerðinni. Því tekur sveitarstjórn Þingeyjarsveitar undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem segir: „Bætt verði við áætlunina verkefni um að viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar um kostnaðarþátttöku sveitarfélaga vegna snjómoksturs verði teknar til endurskoðunar í samvinnu við sveitarfélögin.“ Tryggjar samgöngur allt árið um kring skipta alla sem leið eiga um vegina máli og eru grunnur að eflingu vinnusóknarsvæða.

Sveitarstjórn telur seinkun á mikilvægum framkvæmdum í sveitarfélaginu óásættanlega hvetur stjórnvöld til að endurskoða forgangsröðun verkefna á samgönguáætlun.

F.h. sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

  
Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri  
